

Sp.

153. Fyrirspurn

[139. mál]

til utanríkisráðherra um hvenær og hvernig ákvarðanir voru teknar um að veita hollensku herliði aðstöðu á Keflavíkurflugvelli.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hvenær barst beiðni frá hollenskum stjórnvöldum um að veita hollenskri kafbátaleitar-sveit — áhöfn, viðgerðarliði og Orion P-3 flugvél — varanlega aðstöðu á Keflavíkur-flugvelli?
2. Hve oft var þessi beiðni rædd á fundum ríkisstjórnarinnar og hvenær samþykkti ríkisstjórnin formlega þessa beiðni?
3. Var beiðni Hollendinga kynnt utanríkismálanefnd
a. áður en ákvörðun var tekin,
b. áður en hollenska hersveitin kom til landsins?
4. Telur utanríkisráðherra að hann hafi formlega heimild til að ákveða einn — án samþykkis (a) ríkisstjórnar, (b) utanríkismálanefndar Alþingis eða (c) Alþingis — breytingar á samsetningu herliðsins á Keflavíkurflugvelli, t.d. að utanríkisráðherra geti án samþykkis Alþingis veitt portúgölskum, ítölskum eða tyrkneskum hersveitum varanlega aðstöðu á Íslandi?